

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir
nr. 16/2021-2022, með síðari breytingum.

Flm: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og Stefán Magnússon.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. starfsreglnanna bætast orðin: **eða ræði sameiningu við aðra sókn eða sóknir í prestakallinu sem þátt í að efla starfið og einfalda reksturinn.**

2. gr.

2. málslíður 1. mgr. 3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál sem lögmælt er að undir fundinn séu borin, svo og þau mál sem **kirkjuþing**, héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur eða biskup Íslands skýtur þangað.

3. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Sóknarnefnd í samráði við starfandi sóknarprest og/eða prest boðar til aðalsafnaðarfundar með minnst viku fyrirvara og skal greina frá dagskrá fundarins í fundarboði. Fundinn skal auglýsa með þeim hætti sem venja er til um messuboð. Þar skal taka fyrir eftirfarandi:

1. Gera grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðslu reikninga sóknar fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Gera grein fyrir héraðsfundi.
4. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og varamanna þeirra til árs í senn.
5. Kosning sóknarnefndar, sbr. 6. gr. starfsreglna þessara.
6. Kosning í aðrar nefndir, ráð og trúnaðarstörf.
7. Önnur mál.

Ef við á skal kjósa kjörfulltrúa vegna kosninga til kirkjuþings og kjörs biskups Íslands og vígslubiskupa. Enn fremur skal, ef við á, fjalla um tillögu um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar. Sóknarnefnd er heimilt að boða til aukaaðalsafnaðarfundar sem skal boða til með sama hætti og aðalsafnaðarfundar, sbr. 1. mgr. 3. gr. starfsreglna þessara.

4. gr.

1. málsl. 2. mgr. 5. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Aðalsafnaðarfundur kýs sóknarnefndarmenn og varamenn árlega. Aðalsafnaðarfundur getur þó ákveðið að kjósa megi til sóknarnefndar til allt að fjögurra ára í senn.

5. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Sóknarnefnd skal skipuð leikmönnum, sem eru lögráða og hafa forræði á búi sínu. Leikmaður telst sá sem ekki hefur tekið vígslu til prests eða djákna.

Aðalsafnaðarfundur ákveður fjölda aðal- og varamanna í sóknarnefnd. Sóknarnefndarmenn skulu að lágmarki vera þrír en að hámarki níu. Varamenn skulu að lágmarki vera $\frac{2}{3}$ hlutar aðalmanna en aldrei fleiri en aðalmenn.

Í sóknum þar sem sóknargjöld eru hærri en kr. 5.000.000 á mánuði skal kjósa formann, varaformann og gjaldkera sérstaklega. Þeir mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur fyrir verknað sem brýtur gegn almennum hegningarlögum, lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eða lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til. **Varamenn skulu uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.**

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 3. gr. er aðalsafnaðarfundur heimilt að kjósa leikmann til starfa í sóknarnefndinni sem tilheyrir annarri sókn samkvæmt lögheimilisskráningu. Þrátt fyrir það skal meirihluti sóknarnefndar ávallt skipaður leikmönnum sem tilheyra sókninni samkvæmt lögheimilisskráningu. Sá leikmaður verður að uppfylla almenn skilyrði til þess að geta tekið sæti í sóknarnefnd. Leikmaður getur aðeins starfað í einni sóknarnefnd hverju sinni.

6. gr.

7. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Sóknarnefnd skiptir með sér verkum.

Sóknarnefnd er heimilt að kjósa úr sínum hópi framkvæmdanefnd er starfi á milli funda sóknarnefndar.

Sóknarnefnd setur framkvæmdanefnd erindisbréf. Sóknarnefnd getur ákveðið að kjósa einnig varamenn í framkvæmdanefnd og í hvaða röð þeir taka sæti.

7. gr.

8. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Sóknarnefnd skal í störfum sínum styðja vígða þjóna við mótun og skipulag kirkjulegs starfs.

Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum, og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefur umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili.

Sóknarnefnd skal gæta réttinda kirkju og gera prófasti viðvart ef út af bregður.

8. gr.

9. gr. starfsreglnanna breytist eftirfarandi:

a. 6. liður orðast svo:

Ráða starfsfólk sóknar í samráði við sóknarprest **eftir því sem við á.**

b. 8. liður orðast svo

Sóknarnefnd (aðal- og varamenn) skulu kjósa fulltrúa á kirkjuþing í sínu prófastsdæmi skv. reglum þar um.

9. gr.

10. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Sóknarnefnd heldur formlega fundi með reglulegum hætti þar sem málefni sóknarinnar, **prestakalls, prófastsdæmis, kirkjuþings og þjóðkirkjunnar** eru til umræðu og ákvörðunar, **eftir því sem við á.**

Formaður boðar fundi í sóknarnefnd og stýrir þeim og er fundur ályktunarfær ef meirihluti nefndarmanna sækir fundinn.

Vígðir þjónar í prestakallinu skulu að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi og sóknarprestur fundi framkvæmdanefndar ef hún starfar. Enn fremur aðrir starfsmenn sóknarinnar ef málefni þeirra eru sérstaklega til umræðu á fundinum. Sóknarnefnd skal fylgja vanhæfisreglum gildandi starfsreglna um þingsköp kirkjuþings hverju sinni um meðferð einstakra mála.

10 gr.

Á eftir orðinu „sóknarnefndar“ í 11. gr. starfsreglnanna komi: **og framkvæmdanefndar.**

11. gr.

13. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Sóknarnefnd skal í samráði við sóknarprest gera fjárhagsáætlun fyrir hvert almanaksár og hafa þar m.a. hliðsjón af starfsáætlun **sóknarinnar**. Fjárhagsáætlunin skal lögð fram á aðalsafnaðarfundi til kynningar og afgreiðslu. **Sóknarnefnd skal fylgjast með að farið sé að fjárhagsáætlun.**

12. gr.

20. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Sóknarnefnd, í samráði við sóknarprest, ræður starfsmenn sóknarinnar. **Ráðningarsamband starfsfólks sóknar er við sóknarnefnd sem ákveður hver fer með daglega umsjón með starfsfólki.**

13. gr.

21. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Að jafnaði skal auglýsa laus störf hjá sókninni með tveggja vikna umsóknarfresti hið minnsta. Auglýsing skal birtast á vef **sóknarinnar og Þjóðkirkjunnar**. Í auglýsingu skal m.a. tiltekið:

- a. **starfslýsing**
- b. hvernig ráðningarkjör eru,
- c. hvenær umsóknarfrestur rennur út,
- d. hvert umsóknin skuli send,
- e. að veitt sé heimild til að afla sakarvottorðs.

14. gr.

22. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Ráðningarsamningur starfsmanna skal vera skriflegur og með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti, en mánaðar uppsagnarfresti á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Sóknarnefnd í samráði við sóknarprest semur starfslýsingu fyrir starfsmenn.

Hafa ber hliðsjón af starfsreglum um djákna og organista við gerð ráðningarsamninga við þá og starfslýsinga, svo og samþykktum stefnumálum kirkjupings sem varða starfssvið þeirra sérstaklega.

15. gr.

Lokamálsgrein 23. gr. starfsreglnanna fellur brott

16. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Tillögum þessum er ætlað að einfalda starfsreglur um söfnuði og sóknarnefndir nr. 16/2021-2021.

Flutningsmenn hafa þar m.a. í huga þá allsherjar endurskoðun á regluverki, skipulagi og aðlögun að nýju starfsumhverfi sem átt hefur sér stað á vettvangi kirkjupings, í framhaldi af nýjum þjóðkirkjulögum nr. 77/2021, sem tóku gildi 1. júlí 2021. Regluverk kirkjunnar hefur almennt verið einfaldað, ákvæði sem byggja á eldri skilningi á þjóðkirkjunni sem opinberri stofnun felld brott og dregið hefur verið úr miðstýringu. Sóknarnefndarfólk, bæði í fámönnum sóknum og fjölmönnum, hefur vakið athygli flutningsmanna á því að erfitt kunni að vera að fara eftir starfsreglunum í núverandi mynd. Sérstaklega þegar kemur að kjöri í sóknarnefndir og þegar kalla á inn varamenn á fundi en ákvæði starfsreglnanna þar um þykja óljós og flókin.

Því er stefnt að því, með breytingatillögum þessum, að auðvelda sóknarnefndarfólki um land allt að fara eftir starfsreglunum. Lagt er til að opnað verði á það að aðlaga stjórnskipulag að aðstæðum á hverjum stað. Rétt þykir að auka kröfur um hæfi sóknarnefndamanna fjölmennari sókna, þar sem miklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi.

Miðað er að því að auka áhuga sóknarnefndarfólks á málefnum þjóðkirkjunnar almennt.

Söfnuðum er treyst til að ákveða fjölda aðalmanna í sóknarnefnd í stað þess að miða hann sjálfkrafa við mannfjölda í sókn. Vel skipuð fimm manna nefnd getur verið öflugri en illa skipuð níu manna nefnd.

Einnig fær sóknarnefnd sjálfsákvörðunarrétt um skiptingu starfa. Tryggja þarf þó að einhver fari með prókúru safnaðarins og megi ráðstafa fjármunum af reikningum. Að sjálfsögðu ábyrgist nefndin að fundargerðir séu ritaðar og reikningar greiddir.

Eins og fyrr segir eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi í fjölmönnum sóknum. Þykir því rétt í þeim tilvikum að formaður, varaformaður og gjaldkeri séu kosnir sérstaklega á aðalsafnaðarfundum.

Sóknargjöld eru almannafé. Gæta þarf ráðdeildar og trúmennsku við umsýslu þess í hvívetna.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að setja auknar kröfur á þá aðila sem gæta þess fjár fyrir hönd fjölmennari sókna. Eðlilegt geti verið að hafa t.d. hliðsjón af ákvæðum 2. gr. a. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, með síðari breytingum. Samkvæmt því ákvæði ber stjórnarmanni, framkvæmdastjóra og skipuðum fjárvörsluaðila (prókúruhafa) sjóða og stofnana, að uppfylla eftirtalin skilyrði: Vera lögráða, hafa forræði á búi sínu og hafa ekki á síðustu þremur árum hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur fyrir verknað sem brýtur gegn almennum hegningarlögum, lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eða lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Lagt er til að skerpt sé á skilum ábyrgðarsviða sóknarnefnda og sóknarpresta, til að mynda þegar kemur að ráðningum starfsfólks og þegar kemur að stuðningi sóknarnefnda við safnaðarstarf.

Setu í sóknarnefnd fylgir atkvæðisréttur í kirkjuþingskosningum og við biskupskjör. Með þessum tillögum eru lagðar skyldur á sóknarnefndarfólk að nýta atkvæðisrétt í þessum kjörum. Með því má telja unnt að auka áhuga almennings á þjóðkirkjunni.

Reynt er að efla tengsl sókna við kirkjuþing t.d. með því hvetja til umræðu um málefni kirkjuþings á aðalfundum safnaða og á sóknarnefndarfundum. Einnig eru talin upp málefni prestakalla, prófastdæmis og þjóðkirkjunnar sem umræðuefni á sóknarnefndarfundum. Með því gæti, að mati flutningsmanna, skilningur sóknarnefndarfólks á þjóðkirkjunni og málefnum hennar aukist og sóknarnefndarfólk eflst í umræðum um málefni kirkjunnar.

Í starfsreglunum er í tilteknum ákvæðum rætt um “aðra presta”. Djáknar hafa verið ráðnir til safnaða í auknum mæli og því eðlilegt að breyta orðalaginu þannig að það nái einnig yfir djákna. Er því lagt til að rætt verði um “annað vígt starfsfólk”.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Við ákvæði 2. mgr. 2. gr. starfsreglnanna um frumskyldur sóknar bætist við ákvæði þar sem sóknir eru hvattar til að hafa frumkvæði að sameiningu sókna til að efla starf og einfalda rekstur. Með stærri einingu gæti verið auðveldara að halda úti fjölbreyttara starfi og einfalda rekstur.

Um 2. gr.

Lagt er til að orðinu “kirkjuþing” verði bætt inn í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. starfsreglnanna. Með því öðlast kirkjuþing heimild til að senda mál beint til sókna til umfjöllunar á kirkjuþingi. Aðalsafnaðarfundir sókna

eru opnir fundir og með því að senda mál af kirkjuþingi til kynningar og umræðu á aðalsafnaðarfundum hefur almenningur greiðari leið að umfjöllun um mál og aðalfundir hafa þá beina tengingu yfir í kirkjuþing.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta fjallar um breytingar á 4. gr. starfsreglnanna. Lagt er til að 1. og 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. séu sameinaðir, enda merking þessara tveggja málsl. sú sama. Með þeim hætti verður 1. mgr. 4. gr. styttri og auðskiljanlegri.

Í öðrum og fimmta tölulið er lagt til að ákvæði um afgreiðslu ársreiknings kirkjugarðs falli brott. Einnig koningu tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda ársreiknings kirkjugarðs og varamanna þeirra.

Kirkjugarðar eru sjálfseignarstofnanir samkvæmt 8. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 37/1993, með síðari breytingum. Þótt sóknarnefndir séu almennt jafnframt stjórnir kirkjugarða eru þeir ekki hluti af starfsemi sókna. Ársreikninga kirkjugarða ber að senda Ríkisendurskoðun.

Lagt er til að við ákvæðið bætist þrjár nýjar mgr. Lagt er til að kjósa skuli kjörfulltrúa þegar við á, vegna kosninga til kirkjuþings og kjörs biskups Íslands og vígslubiskupa. Ákvæði um þessa kjörfulltrúa er að finna í starfsreglum um kjör til kirkjuþings og um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Að mati flutningsmanna ætti það að fara fram á aðalsafnaðarfundum sókna þar sem áhugafólk um þjóðkirkjuna kemur saman. Eðlilegt er að slá þann varnagla að kjörið fari fram þegar við á. Kjör til kirkjuþings fer fram á fjögurra ára fresti en kjör biskups og vígslubiskupa er ekki unnt að tímasetja með sama hætti, eðli málsins samkvæmt.

Um 4. gr.

Lögð er til sú breyting á 5. gr. starfsreglnanna að almenna reglan verði sú að kosning til sóknarnefndar verði árlega. Gildi það bæði um aðal- og varamenn. Er það í samræmi við algengt fyrirkomulag í einkahlutafélögum og öðrum félögum. Þó þykir rétt að gera ráð fyrir því að aðalsafnaðarfundur geti ákveðið að kjósa til sóknarnefndar til allt að fjögurra ára eins og nú er. Með þessari tillögu er söfnuðum gefinn kostur á að aðlaga stjórnkerfi sitt að aðstæðum sem best þykja henta og dregið er úr óþarfri miðstýringu.

Um 5. gr.

Gerð er tillaga um breytingar á 6. gr. starfsreglnanna, þess efnis að aðalsafnaðarfundur geti ákveðið fjölda aðal- og varamanna í sóknarnefnd innan tiltekins ramma. Þannig sé kveðið á um að fjöldi sóknarnefndarmanna verði að lágmarki þrír eins og nú er en að hámarki níu. Fjöldi sóknarbarna í sókninni skipti ekki máli heldur ákveði aðalsafnaðarfundur fjölda sóknarnefndarmanna. Einnig er lagt til að fjöldi varamanna sé ákveðinn af aðalsafnaðarfundum. Lagt er til að þeir þurfi ekki að vera meira en 2/3 hlutar aðalmanna að lágmarki. Eins og getið er um í athugasemdum við 4. gr. er með þessu móti söfnuðum gefinn kostur á að aðlögun og dregið úr þarflausri miðstýringu.

Auknar kröfur eru gerðar til formanns, varaformanns og gjaldkera í sóknum þar sem sóknargjöld eru hærri en kr. 5.000.000 á mánuði og er gert ráð fyrir því í þessum tillögum að kosið skuli sérstaklega á

aðalsafnaðarfundir til þessara trúnaðarstarfa. Eins og segir í almennum athugasemdum eru sóknargjöld almannaþingis sem söfnuðum er trúnað fyrir. Hafa ber í huga viðmið kirkjuþings um að ábyrgð, traust og gegnsæi sé viðhaft í allri fjárfstjórn sem endurspeglar í öllum stjórnaðarháttum kirkjunnar, sbr. starfsreglur um fjármál. Því þykir flutningsmönnum eðlilegt að gera meiri kröfur til sóknarnefndarmanna þegar um mikla fjármuni er að ræða.

Um 6. gr.

Í 7. gr. starfsreglnanna er fjallað um verkaskipti sóknarnefndarmanna. Lagt er til að sóknarnefndir skipti með sér verkum eftir þörfum í hverri sókn. Nefndirnar ákveði þá hvaða ábyrgðarsvið hvers sóknarnefndarmanns. Það á þó ekki við um stærri sóknir sbr. 5. gr. tillögu þessarar. Starfi framkvæmdanefnd við sóknina skal sóknarnefnd setja henni erindisbréf þar sem hlutverk nefndarinnar er skilgreint. Lagt er til að fyrirsögn 7. gr. falli brott.

Um 7. gr.

Tillaga er um einföldun og styttingu núverandi 8. gr. Lagt er til að ný 1. mgr. leysi af hólmi núverandi 1. og 2. mgr. 8. gr. Ekki er þó um efnisbreytingar að ræða sem neinu nemur.

Um 8. gr.

Lögð er til sú breyting að við 6. tl. 9. gr. nágildandi starfsreglna bætist orðin “eftir því sem við á”. Þannig þurfi prestur t.d. ekki nauðsynlega að koma að ráðningu starfsfólks safnaðar í störf sem ekki beinlínis tengjast starfsskyldum prestsins. Má sem dæmi um slík störf nefna ræstingar. Lagt er til að 8. tl. orðist eins og í tillögunni greinir. Með því móti eru aðal- og varamenn í sóknarnefndum skyldaðir til að taka þátt í kjöri til kirkjuþings.

Um 9. gr.

Flutningsmenn leggja til að orðunum “prestakalls, prófastsdæmis, kirkjuþings og þjóðkirkjunnar” sé bætt inn í 1. mgr. 10. gr. þannig um þau málefni sé rætt á sóknarnefndarfundum, eftir því sem við á. Með því verður sóknarnefndin meðvitaðri um samhengi sóknarinnar við prestakallið, prófastdæmið, kirkjuþing og þjóðkirkjuna og á auðveldara með að tala um málefni kirkjunnar á almennum vettvangi. Sóknin verður hluti af stærri heild. Hvað varðar breytingartillögu á 3. mgr. vísast til almennra athugasemda hér að framan um vígða þjóna.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki útskýringar.

Um 11. gr.

Lögð er til breyting á 13. gr. starfsreglnanna. Starfsáætlun sóknarinnar felur í sér áætlun sóknarprests, annarra presta og starfsfólks sóknarinnar og því er talin óþarfi að telja upp alla aðila.

Eðlilegt er, að mati flutningsmanna, að krafa sé gerð á sóknarnefnd um að hún fylgist með að farið sé að fjárhagsáætlun sem aðalsafnaðarfundur hefur samþykkt.

Um 12. gr.

Lögð er til breyting á 20. gr. starfsreglnanna. Bætt er við til skýringar, texta um ráðningarsamband starfsfólks sókna. Sóknin ræður starfsfólk og starfsfólk heyrir því undir sóknarnefnd. Sóknarnefnd getur falið t.d. sóknarpresti, framkvæmdastjóra eða rekstrarstjóra að fara með daglega umsjón með starfsfólki.

Um 13. gr.

Lögð er hér til breyting á 21. gr. starfsreglnanna. Lagt er til að laus störf séu að jafnaði auglýst en að auglýsingaskylda sé ekki fortakslaus eins og nú er. Hafa skal a.m.k. tveggja vikna umsóknarfrest. Upp geta komið tilvik þar sem starf er ekki auglýst, t.d. ef starfsmaður er að færa sig á milli starfa innan sóknar eða prestakalls. Sóknir eru flestar fjárvana og reknar af sjálfbóðaliðum og það er illa farið með tíma og fjármuni að auglýsa starf sem réttur einstaklingur bíður eftir.

Að auglýsa í prentuðum fjölmiðli er dýrt fyrir flestar sóknir fyrir utan það að almennt er fólk hætt að lesa prentmiðla. Því er fjármunum sókna betur varið í að beina auglýsingum annað t.d. á vefsvæði, samfélagsmiðla eða á póstlista viðkomandi stétta eins og t.d. organista. Einnig er bætt við kröfu um að starfslýsing sé í auglýsingu.

Um 14. og 15. gr.

Orðið „þessa“ í 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. falli brott, enda óþarft.

Vísun í starfsreglur um djákna og organista og samþykkt stefnumál kirkjuþings er færð óbreytt úr 23. gr. núgildandi starfsreglna í 22. gr. reglnanna. Flutningsmenn telja það rökrétta breytingu sem geri reglurnar skýrari.

Um 16. gr.

Lagt er til að starfsreglurnar öðlist gildi við birtingu.